



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

43. tölublað 5. árgangur apríl 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

að **bylgjuþappi** var upphaflega líning fyrir háa hatta?

Fugla- og náttúruþema

Þar sem vorið er á næsta leiti verður fugla- og náttúruþema fram að skólaslitum. Gaman væri ef einhver þarna úti sem veit mikið um fugla og/eða náttúruna, kæmi og miðlaði þeim fróðleik. Alltaf gaman að fá gesti og að fá fleiri sjónarhorn.

Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



Samskiptaboðorðin

Horfa (augnsamband)

Heilsa (einlægur áhugi)

Hlusta (veita athygli)

Hljóma (jákvæður raddblær)

Hrósa (hvetja)

Hjálpa (vera til staðar)



Kæra skólasamfélag

Gott fólk! Vonandi nutu allir þess að vera í páskafrí og nemendur koma endurnærðir í skólann eftir góða samveru. Apríl heilsar okkur með hækandi sól og enn meiri útiveru enda vorið á næsta leiti og í raun orðið afar stutt eftir af 4. starfsári Árskógar skóla. Vorið er skemmtilegur tími og við ætlum t.d. að læra um fugla og náttúruna í samfélags- og náttúrugreinum bæði inni og úti enda vorið sá tími fuglanna þegar nýtt líf kviknar og mikið er um að vera í náttúrunni umhverfis skólann.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Foreldraviðtöl Kötlukots

Víkuna 25.-29. apríl eru foreldraviðtöl á Kötlukoti. Foreldrar mæta í viðtal til hópstjóra og farið verður yfir veturinn og stöðu barnsins. Viðtalstímarnir verða sendir fljótlega heim í tölvupósti. Vinsamlegast hafið samband við Jónu ef tíminn ykkar hentar ekki.


Íþróttadagur Kötlukots

Þriðjudaginn 12. apríl ætlum við á Kötlukoti að breyta til og gera okkur glaðan dag í íþróttahúsinu okkar. Gaman væri ef börnin kæmu með íþróttaföt. Börn fædd 2011-2012 mega koma með handklæði og skella sér í sturtu eftir tímann.

Eftir hreyfinguna ætlum við að elda saman.



Grænánaskýrsla og umsókn

Tíminn líður hratt og nú er farið að stytast í að við flöggum Grænána í þriðja sinn. Leikskólinn leikbær flaggaði vorið 2012, nýr skóli tók fánann með sér, flaggaði á ný 2014 og nú eru aftur liðin 2 ár sem merkir að við höfum sótt um flöggun nr. 3 vorið 2016. Við höfum sett saman greinargerð þar sem má finna lýsingu á markmiðum síðustu tveggja ára og myndir af verkefnum. Endilega kynnið ykkur þessa skemmtilegu samantekt [hér á heimasíðu skólans](#).



Áhugasviðssvinna

Í mars hafa nemendur unnið verkefni tengd sínu áhugasviði. Unnin voru verkefni tengd ritun, upplýsingamiðlun, stærðfræði og sköpun sem þeir kynntu síðan fyrir samnemendum sínum. Allir virtust hafa mikla ánægju af þessari vinnu og erfitt var að rífa sig frá henni til að fara í frímínútur eða mat. Stórskemmtileg vinna þar sem allir voru virkir og skiluðu sínu. Kynning á vinnunni var haldin á gæðastund fyrir páskafrí.



Flott vinna hjá skapandi og skörpum nemendum. Fleiri myndir í myndasafni

Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:00.

Vinsamlegast kynnið ykkur skóladagatal 2015-2016 svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir myndasafninu á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>





náms**Á**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**öðing



Viðburðadagatal apríl 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

				1 Ingibjörg J. 8 ára 	2	3
						
4	5 Sundkennsla hefst á ný 	6 5.-7. b heimsókn í Dalvíkurskóla	7	8	9	10
11	12 Grunnskólastig íþróttadagur Dalvík Kötlukot íþróttadagur	13 Félagsmiðstöð 1.-3. bekkur spiladagur 16:45	14	15	16	17
18	19	20	21 Sumardagurinn fyrsti Lokað 	22	23	24
25 Foreldraviðtöl Kötlukot 	26 Foreldraviðtöl Kötlukot 	27 Foreldraviðtöl Kötlukot 	28 Foreldraviðtöl Kötlukot 	29 Foreldraviðtöl Kötlukot 	30	1. maí Verkalýðs- dagurinn